

Svar

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Helga Hjörvars um kostnað við atvinnuleysisbætur.

Vinnumálastofnun, sem fer með daglegan rekstur atvinnuleysistryggingasjóðs, var falið að undirbúa svör við fyrirspurninni og setja fram dæmi um kostnaðarauka sjóðsins miðað við mismunandi bótahlutafall. Í útreikningum stofnunarinnar er byggt á heildarfjölda greiddra atvinnuleysisdaga árið 2003, en þeir voru samtals 1.159.806. Greiðslur á dag voru 3.574 kr. miðað við fullan bótarétt. Að jafnaði var bótaréttur einstaklinga 86,48%. Að auki er 6% mótframlag í lífeyrissjóð. Heildarfjárhæð bóta samkvæmt þessu var um 3,8 milljarðar kr. á sl. ári ($1.159.806 \times 3.574 \times 86,48\% \times 1,06$). Þessar upplýsingar eru nýttar sem grunnur að útreikningum á áhrifum á heildargreiðslur vegna atvinnuleysisbóta ef bætur væru tengdar fyrri tekjum að einhverju leyti. Þar sem upplýsingar um tekjur einstaklinga liggja ekki fyrir í gögnum Vinnumálastofnunar er við útreikningana stuðst við upplýsingar frá kjararannsóknarnefnd um heildarlaun einstakra starfsstétta:

Heildarlaun einstakra starfsstétta 2003.

	Meðaltal árið 2003	75% af tekjum	75% af tekjum á dag
Stjórnendur	425.875	319.406	14.740
Sérfræðingar	389.100	291.825	13.467
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	342.725	257.044	11.862
Skrifstofufólk	211.625	158.719	7.324
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	212.725	159.544	7.362
Iðnaðarmenn	289.600	217.200	10.023
Verkafólk	211.600	158.700	7.323

Að auki er stuðst við reglur ríkisskattstjóra um reiknað endurgjald 2003 vegna viðmiðunarlauna bænda og sjómanna. Með hliðsjón af samsetningu hópsins á atvinnuleysissskrá voru áætlaðar á þá eftirfarandi meðaltekjur:

Áætlaðar meðaltekjur bænda og sjómanna.

	Meðaltal árið 2003	75% af tekjum	75% af tekj. á dag
Sjómenn	223.500	167.625	7.735
Bændur	146.500	109.875	5.070

Að öllu jöfnu er við útreikninga af þessu tagi gengið út frá því að líklegt sé að þeir sem verða atvinnulausir hafi að jafnaði haft lægri laun en heildarhópurinn enda atvinnuleysi að jafnaði meira meðal yngra fólks eða fólks með minni starfsreynslu sem jafnframt er tekju-lægra en þeir eldri eða þeir sem hafa meiri starfsreynslu. Ekki liggja fyrir upplýsingar um þessi atriði hjá kjararannsóknarnefnd og þar af leiðandi hefur ekki verið tekið tillit til þeirra við þessa útreikninga.

Atvinnulausir skiptust þannig á starfsstéttir árið 2003:

Hlutfallsleg skipting atvinnulausra á starfsstéttir.

Stjórnendur	4%
Sérfræðingar	4%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	9%
Skrifstofufólk	8%
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	28%
Sjómenn	4%
Bændur	1%
Iðnaðarmenn	7%
Verkafólk	35%
Samtals	100%

Gengið er út frá framangreindum forsendum við útreikninga á því hverjar atvinnuleysisbætur hefðu orðið ef þær hefðu verið tengdar tekjum hins atvinnulausa svo sem spurt er um. Á það ber að leggja áherslu að um er að ræða útreikninga sem byggjast á tilteknum forsendum. Þeir fela í sér mat á sennilegri niðurstöðu fremur en hárnákvæma útreikninga.

1. *Hver hefði kostnaðurinn verið á liðnu ári ef atvinnuleysisbætur hefðu numið 75% af fyrri tekjum hins atvinnulausa en þó aldrei verið lægri en bæturnar voru á sl. ári og aldrei hærrí en 375.000 kr.?*

Niðurstaða: Heildargreiðslur vegna atvinnuleysisbóta hefðu hækkað úr um 3,8 milljörðum kr. í um 9,023 milljarða kr., eða um u.þ.b. 137%. Aukningin nemur um 5,223 milljörðum kr.

2. *Hver hefði kostnaðurinn verið ef slíkar bætur hefðu verið greiddar*
 - a. *fyrstu þrjú mánuði atvinnuleysis,*
 - b. *fyrsta mánuðinn,**en eftir það hefðu atvinnuleysisbæturnar verið óbreyttar frá því sem þær voru á árinu?*

Niðurstaða:

A-liður. Um 35% atvinnuleysisdaga eru innan þriggja mánaða frá fyrsta degi atvinnuleysis. Samkvæmt því hefðu heildargreiðslur vegna atvinnuleysisbóta hækkað úr um 3,8 milljörðum kr. í um 5,637 milljarða, eða um u.þ.b. 48%. Aukningin nemur um 1,838 milljörðum kr.

B-liður. Um 15% atvinnuleysisdaga eru innan mánaðar frá fyrsta degi atvinnuleysis. Samkvæmt því hefðu heildargreiðslur vegna atvinnuleysisbóta hækkað úr um 3,8 milljörðum kr. í um 4,603 milljarða, eða um u.þ.b. 21%. Aukningin nemur um 803 millj. kr.

Hér er í báðum tilfellum miðað við að hver einstaklingur komi einu sinni á skrá og njóti því aðeins tekjutengdra bóta í eitt skipti. Spurningin er hvort reikna skuli tekjutengdar bætur aftur ef einstaklingur fær bætur aftur eftir að hafa farið tímabundið af skrá.

3. *Hvaða áhrif hefðu mismunandi útfærslur, sbr. 2. tölul., haft á prósentuhlutfall tryggingagjalds?*

Niðurstaða: Tekjustofn (atvinnuþryggingagjald) Atvinnuleysistryggingasjóðs er 0,80% af tryggingagjaldi, sem er 5,73%. Samkvæmt forsendum fjárlaga 2004 er gert ráð fyrir að tekjur sjóðsins verði 3.634 millj. kr.

Ef kostnaður vegna atvinnuleysisbóta hækkar um 137%, sbr. 1. tölul., þyrfti að hækka tekjustofn sjóðsins í 1,90% og þar með tryggingagjaldið í 6,83%.

Samkvæmt forsendum í a-lið 2. tölul. yrði að hækka tekjustofninn í 1,20% og tryggingagjaldið þar með í 6,13%.

Samkvæmt b-lið 2. tölul. yrði hækkunin að vera í 0,97% og tryggingagjaldið þar með að hækka í 5,90%.